

Sveitarstjórnir Langanesbyggðar, Norðurþings, Tjörneshrepps og Þingeyjarsveitar, gera með sér samning um:

1 Forsendur

- 1.1 Þann 1. janúar 2011 tóku sveitarfélög við þeirri þjónustu sem ríkið hefur veitt fötluðu fólki, enda var lögum þá breytt og samkomulag gert um tilfærslu þjónustunnar milli ríkis og sveitarfélaga.
- 1.2 Frá árinu 2006 hefur Norðurþing veitt sveitarfélögum í Þingeyjarsýslum (Þingeyjarsveit, Tjörneshreppur og Langanesbyggð) almenna félagsþjónustu samkvæmt samningi.
- 1.3 Til að tilfærsla á málefnum fatlaðs fólks með langvarandi stuðningsþarfir verði árangursrík þurfa sveitarfélög að hafa faglegan og fjárhagslegan styrk á sviði félagsþjónustu.
- 1.4 Í ljósi þessa hafa sveitarfélögin ákveðið að gera samning samkvæmt 96. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 á grundvelli samstöðu og samábyrgðar.
- 1.5 Samningurinn tekur til almennrar félagslegrar þjónustu á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum, laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018, með síðari breytingum og laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021.
- 1.6 Aðildarsveitarfélög þessa samnings eru staðráðin í því að takast á við ný verkefni og áskoranir af metnaði og fagmennsku.

2 Samningsaðilar og tengiliðir

- Norðurþing kt. 640169-5599. Tengiliðir: Sveitarstjóri og Félagsmálastjóri.
- Þingeyjarsveit kt. 550322-1100 . Tengiliður: Sveitarstjóri.
- Langanesbyggð kt. 420369-1749. Tengiliður: Sveitarstjóri.
- Tjörneshreppur kt. 650269-2640. Tengiliður: Oddviti/framkvæmdastjóri.

3 Þjónustusvæði í Þingeyjarsýslum

- 3.1 Ofangreind sveitarfélög mynda sameiginlegt þjónustusvæði í Þingeyjarsýslum um félagsþjónustu, samþætta þjónustu í þágu farsældar barna og þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Þjónustusvæðið er ekki sjálfstæður lögaðili.
- 3.2 Frá undirritun samnings þessa er Norðurþing leiðandi sveitarfélag á þjónustusvæðinu og veitir íbúum, sem eiga lögheimili í aðildarsveitarfélögunum, þjónustu eins og nánar er kveðið á um í samningi þessum.
- 3.3 Sveitarstjórnir Þingeyjarsveitar, Langanesbyggðar, og Tjörneshrepps hafa ákveðið að framselja til Norðurþings vald til ákvörðunar um stefnumótun og framkvæmd almennrar og sértækrar félagsþjónustu, undir þjónustuna falla þeir íbúar sem eiga lögheimili í aðildarsveitarfélögunum. Valdheimildum Norðurþings er nánar lýst í samningi þessum.
- 3.4 Fjölskylduráð Norðurþings fer með verkefni samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Um valdheimildir fjölskylduráðs til fullnaðarafgreiðslu mála fer skv. samþykkt um stjórn og fundarsköp Norðurþings og viðauka við hana. Valdheimildum Norðurþings er nánar lýst í viðauka með samningum. Fylgiskjalið með samningum er ófrávíkjanlegur hluti hans.
- 3.5 Þjónusta innan svæðisins er veitt á jafnræðisgrundvelli og byggja ákvarðanir um veitingu hennar á mati á þjónustuþörf. Sá sem metinn er í mestri þörf fyrir þjónustu skal að öllu

jöfnu hafa forgang að þjónustu, óháð búsetu. Þá gilda sömu viðmið um þjónustustig á svæðinu öllu.

3.6 Norðurþingi er heimilt að gera samninga við aðra aðila um framkvæmd einstakra þátta þjónustunnar, m.a. við einkaaðila sem rekstrarleyfi hafa fengið hjá Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (GEV), sbr. lög. nr. 88/2021, enda samrýmast þeir samningar lögum um þjónustuna, sveitarstjórnarlögum og rúmast innan fjárhagsáætlunar.

3.7 Ekki er þörf á sérstakri staðfestingu á ákvörðunum um framkvæmd verkefnis.

4 Stjórn þjónustusvæðisins

4.1 Stjórn og framkvæmd samningsins er í höndum sveitarstjórnar Norðurþings.

Sveitarfélögin starfrækja sameiginlega samráðshóp um málefni fatlaðs fólks (Notendaráð) skv. 2. mgr. 42. gr laga um félagsþjónustu sveitarfélaga m.s.b. nr. 40/1991:

Í hverju sveitarfélagi, eða í sveitarfélögum sem eiga samstarf um þjónustu við fatlað fólk, skal starfa formlegur samráðsvettvangur er nefnist samráðshópur um málefni fatlaðs fólks þar sem fjallað er um þjónustu við fatlað fólk og framkvæmd og þróun þjónustunnar. Í samráðshópnum skulu að lágmarki sitja þrjár fulltrúar kosnir af sveitarstjórn að loknum sveitarstjórnarkosningum og þrjár fulltrúar tilnefndir af hagsmunasamtökum fatlaðs fólks. Eigi tvö eða fleiri sveitarfélög samstarf um þjónustu við fatlað fólk skulu viðkomandi sveitarfélög og hagsmunasamtök fatlaðs fólks á þjónustusvæðinu koma sér saman um samsetningu hópsins.

4.2 Sveitarfélögin starfrækja sameiginlegan samráðshóp (Öldungaráð) um málefni aldraðra skv. 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga m.s.b. nr. 40/1991:

Í hverju sveitarfélagi, eða í sveitarfélögum sem eiga samstarf um öldrunarmál og þjónustu við aldraða, skal starfa formlegur samráðsvettvangur er nefnist Öldungaráð, þar sem fjallað er um þjónustu við aldraða og framkvæmd og þróun öldrunarmála. Í Öldungaráði skulu að lágmarki sitja þrjár fulltrúar kosnir af sveitarstjórn að loknum sveitarstjórnarkosningum og þrjár fulltrúar tilnefndir af félagi eldri borgara, auk eins fulltrúa frá heilsugæslunni. Eigi tvö eða fleiri sveitarfélög samstarf um öldrunarþjónustu skulu viðkomandi sveitarfélög og félög eldri borgara á þjónustusvæðinu koma sér saman um samsetningu Öldungaráðs.

5 Markmið

5.1 Markmið samningsins eru einkum að:

- Tryggja samþætta og heildstæða félagslega þjónustu fyrir íbúa á þjónustusvæðinu.
- Laga þjónustu að þörfum og óskum fatlaðs fólks með hliðsjón af ólíkum aðstæðum og stuðla þannig að auknu sjálfstæði þeirra.
- Stuðla að farsæld barna. Að börn og foreldrar sem þurfa á þjónustu að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana.
- Stuðla að hagræðingu í rekstri með samþættingu þjónustu- og rekstrarþátta á sviði félagslegrar þjónustu.
- Þróa samstarf sveitarfélaga á svæðinu.

6 Þjónusta Norðurþings

6.1 Norðurþing annast ráðgjöf á grundvelli laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, með síðari breytingum, laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/202, lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018 og gildandi reglna sveitarfélagsins er snúa að fyrrgreindum lögum. Reynist þörf fatlaðs einstaklings

fyrir þjónustu eða þörf fyrir stuðning meiri eða sérhæfðari en svo að henni verði fullnægt innan almennrar þjónustu, skal veita viðbótarþjónustu samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.

6.2 Norðurþing veitir aðildarsveitarfélögunum og borgurum þess ráðgjöf í samræmi við ákvæði ofangreindra laga, önnur stjórnvaldsfyrirmæli er varða þá málaflokka og samþykktu um þjónustu. Þá skal veiting ráðgjafar vera í samræmi við ákvæði stjórnisýslulaga nr. 37/1993.

6.3 Norðurþing veitir eftirtalda ráðgjöf eða þjónustu:

- 6.3.1 Sérfræðiþjónusta og ráðgjöf um einstaka þætti félagsþjónustu. Starfsfólk félagsþjónustu annast móttöku og úrvinnslu umsókna um fjárhagsaðstoð, félagslega ráðgjöf og stuðningsþjónustu skv. V., VI. og VII. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og í samræmi við gildandi reglur Norðurþings. Sveitarfélagi er skylt að veita stuðningsþjónustu handa þeim sem búa á eigin heimilum og þurfa aðstoð vegna skertrar getu, fjölskylduaðstæðna, álags, veikinda eða fötlunar. Aðstoð skal veitt fjölskyldum barna sem metin eru í þörf fyrir stuðning.
- 6.3.2 Ráðgjöf og mat á þörf fyrir félagslega heimaþjónustu og félagslegt leiguhúsnæði. Þjónustan er svo veitt af hendi lögheimilissveitarfélagi umsækjanda.
- 6.3.3 Þjónustu við fatlað fólk sem felst í því að treysta möguleika þeirra til sjálfstæðs heimilishalds og samfélagslegrar þátttöku, sbr. lög nr. 38/2018. Norðurþing tekur við umsóknum um þjónustu, metur þörf og afgreiðir umsóknir um þjónustu á grundvelli laga nr. 38/2018.
- 6.3.4 Þjónustu á sviði hæfingar, endurhæfingar, menntunar og atvinnu svo að fatlaðir einstaklingar geti séð sér farborða og tekið virkan þátt í samfélaginu til jafns við aðra.
- 6.3.5 Þjónusta við fatlað fólk með viðvarandi fjölþættan stuðning þjónustukerfa félags-, heilbrigðis-, og menntamála við að mynda þverfaglegt þjónustuteymi undir forystu félagsþjónustunnar. Gera einstaklingsbundna þjónustuáætlanir, útfæra þjónustu við viðkomandi, hafa samráð um þjónustuna og tryggja samfellu og gæði hennar.
- 6.3.6 Ráðgjöf, móttaka og úrvinnsla umsókna notendasamninga og NPA þjónustu fyrir fatlað fólk til að auka val einstaklinga um þjónustuform og fyrirkomulag stuðnings eða aðstoðar, að undangengnu mati þar um.
- 6.3.7 Sérhæfða ráðgjöf, félagslegan stuðning og félagslegt samneyti við fatlað fólk og fjölskyldur þeirra, þ.m.t. stuðla að þátttöku í tómstundum og menningarlífi.
- 6.3.8 Mæta þörfum fatlaðra foreldra vegna umönnunar og uppeldis barna sinna.
- 6.3.9 Mæta þörfum fatlaðra barna fyrir umönnun og þjálfun ásamt nauðsynlegri þjónustu við fjölskyldur þeirra, svo að þær geti búið börnunum örugg og þroskavænleg uppeldisskilyrði.
- 6.3.10 Aðildarsveitarfélög bera ábyrgð á 1. stigs þjónustu í þágu farsældar skv. lögum um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr. 86/2021 og skipun tengiliðar farsældar í leik- og grunnskólum. Málstjórar í félagsþjónustu Norðurþings eru ráðgefandi við tengiliði farsældar hjá aðildarsveitarfélögum í málefnum barna.
- 6.3.11 Félagsþjónusta Norðurþings ber ábyrgð á að tilnefna málstjóra í máli barns skv. 1 mgr. 20. gr. fyrrgreindra laga sem og skipun tengiliðar þeirra barna sem kunna að falla á milli kerfa skv. fyrrgreindum lögum.
- 6.3.12 Félagsþjónusta Norðurþings ber ábyrgð á að skila viðeignandi gögnum sem Barna- og fjölskyldustofa kallar eftir varðandi farsæld barna fyrir hönd aðildarsveitarfélaga s.s. fjölda mála á hverju tímabili.

6.3.13 Aðildarsveitarfélög eiga öll sæti í Farsældarráði Norðurlands eystra skv. 5. gr. fyrrgreindra laga þar sem unnin verður áætlun um svæðisbundna forgangsröðun aðgerða um farsæld barna. Aðildarsveitarfélög bera hvert og eitt ábyrgð á að framfylgja þeirri aðgerðaráætlun sem þar er sett fram.

7 Fjármögnun

- 7.1.1 Aðilar þjónustusvæðisins bera sameiginlega ábyrgð á fjármögnun þjónustu innan svæðisins eins og nánar er kveðið á um í samningnum.
- 7.1.2 Vegna félagslegrar ráðgjafar og þjónustu er greitt grunngjald árlega sem nemur kr. 10.254 kr. pr. íbúa.
- 7.1.3 Vegna umsýslu við verkefnið, s.s. bókhald, málaskrá og persónuvernd, umsjón og samskipti vegna samningsins, er greitt grunngjald árlega sem nemur kr. 5.581 kr.- pr. íbúa.
- 7.1.4 Grunngjaldið er upp reiknað miðað við íbúafjölda viðkomandi sveitarfélags eins og hann er gefinn upp af Hagstofu Íslands, miðað við 1. janúar næsta ár á undan.
- 7.1.5 Grunngjaldið skal endurskoða með hliðsjón af breytingum á launavísitölu Hagstofunnar í janúar ár hvert og skal miða við launavísitölu frá janúar 2025 (1059,4 stig) sem grunn.
- 7.1.6 Greiðslum samkvæmt samningi þessum verður dreift jafnt á alla mánuði hvers almanaksárs. Norðurþing gefur út reikning fyrir mánaðargreiðslum samkvæmt samningnum, sem sveitarfélögunum ber að greiða fyrir 15. dag hvers mánaðar.
- 7.1.7 Vegna málefna fatlaðs fólks er fjármögnun þjónustu eins og fram kemur hér að neðan.
- 7.1.8 0,25% af útsvarstofni sveitarfélaga renna til Norðurþings með mánaðarlegum greiðslum, sem byggja á áætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga um þróun útsvars einstakra sveitarfélaga. Sveitarfélögin greiða sinn hlut í áætluðum halla mánaðarlega, ef um slíkt er að ræða. Þetta framlag svarar þeim kostnaði er fellur til þegar þörf fatlaðs einstaklings fyrir þjónustu eða þörf fyrir stuðning meiri eða sérhæfðari en svo að henni verði fullnægt innan almennrar þjónustu skal veita viðbótarþjónustu samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir nr. 38/2018.
- 7.1.9 Framlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, sem byggja á Mati á þjónustuþörf (SIS) tiltekinn einstaklinga, renna til Norðurþings.
- 7.1.10 Uppgjör ofgreiddra eða vangreiddra framlaga sveitarfélaganna til Norðurþings vegna liðins árs fer fram þegar ársuppgjör staðgreiðslu ársins liggur fyrir.
- 7.1.11 Tekjur af rekstri einstakra þjónustueininga renna til Norðurþings.
- 7.1.12 Norðurþing óskar eftir framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna NPA samninga, verði slíkir samningar gerðir.
- 7.1.13 Norðurþing óskar eftir framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna frístundaþjónustu fyrir fötluð börn og ungmenni eftir að almennri frístund skv. grunnskólalögum lýkur, skv. 16.gr. laga nr. 38/2018. Greiðsla styrks til aðildarsveitarfélaga tekur mið af og er reiknuð út frá umsókn og afgreiðslu Jöfnunarsjóðs.
- 7.1.14 Norðurþing fær til ráðstöfunar það fjármagn sem úthlutað er til sveitarfélaganna frá jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna þjónustu í þágu farsældar barna.

8 Útgjöld sveitarfélaganna

- 8.1.1 Norðurþing ber allan kostnað vegna þjónustu við fólk með fötlun, að frádregnum framlögum frá Jöfnunarsjóði samkvæmt samningi þessum, sbr. þó ákvæði gr. 8.1.4 og 8.1.5.
- 8.1.2 Kostnaður vegna úrræða félagsþjónustulaga nr. 40/1991 er ekki innifalinn í grunnjaldi og greiðist af því sveitarfélagi þar sem viðkomandi aðilar eiga heimilisfesti/lögheimili. Samráð skal haft við sveitarstjóra eða oddvita viðkomandi sveitarfélags þegar úrræði eru ákveðin falli þau ekki innan reglna félagsþjónustu Norðurþings.
- 8.1.3 Fasteignir sem nýttar eru vegna þjónustu við fólk með fötlun sem og tekjur og útgjöld vegna þeirra eru á forræði Norðurþings.
- 8.1.4 Sveitarfélögin sinna félagsþjónustu skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, við fólk með fötlun. Miðað er við að viðbótar þjónusta komi til álitu þegar þjónustubörf fer umfram 15 tíma á viku, sbr. 3. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir, nr. 38/2018.
- 8.1.5 Sveitarfélögin greiða kostnað vegna ferðaþjónustu fatlaðs fólks í viðkomandi sveitarfélagi.
- 8.1.6 Vegna ráðgjafar og málstjórnar í farsæld barna er greitt grunnjald árlega sem nemur kr. 7.884 kr. pr. Íbúa. Grunnjaldið skal endurskoðað með hliðsjón af breytingum á launavísitölu Hagstofunnar í janúar ár hvert og skal miða við launavísitölu frá janúar 2025 (1059,40 stig) sem grunn.

9 Þjónustustig, eftirlit, mat á árangri og skýrslugerð

- 9.1.1 Norðurþing mun í samhengi við þróun þjónustustaðla, gefa út lýsingu á þjónustustigi vegna ólíkra hópa notenda og þjónustuúrræða.
- 9.1.2 Komið skal á innra eftirliti með þjónustu sem skal að lágmarki uppfylla opinberar kröfur sem gerðar eru til slíks eftirlits.
- 9.1.3 Árangur þjónustunnar skal metinn reglulega.
- 9.1.4 Gera skal kostnaðaruppgjör ársins fyrir þjónustusvæðið og miðað skal við að innbyrðis skiptist ábyrgðin í samræmi við fjölda íbúa sem Hagstofa Íslands birtir 1. janúar ár hvert.
- 9.1.5 Norðurþing skal gefa út ársskýrslu um starfsemi þjónustusvæðisins, þar sem m.a. skal gerð grein fyrir tölulegum upplýsingum sem lýsa eðli, umfangi og kostnaði þjónustunnar.

10 Starfsmenn

- 10.1.1 Norðurþing verður vinnuveitandi starfsmanna sem starfa að verkefnum sem samningurinn tekur til, það þýðir að Norðurþing fer með ráðningarsamband og allar stjórnunarheimildir gagnvart starfsmönnum, sér um afgreiðslu launa til starfsmanna og stendur skil á lögbundnum greiðslum, lífeyrissjóðsgreiðslum og iðgjöldum til stéttarféлага. Nýir starfsmenn sem falla undir samninginn verða ráðnir af Norðurþingi.
- 10.1.2 Starfsmenn sem ráðnir verða til starfa skulu að jafnaði hafa menntun og/eða reynslu sem nýtist í starfi.
- 10.1.3 Starfsmönnum ber að gæta trúnaðar um atriði sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd samningsins og leynt skulu fara samkvæmt lögum. Norðurþing skuldbindur sig til að tryggja undirritun starfsmanna sinna um þagnarskyldu.
- 10.1.4 Óheimilt er að ráða í störf sem unnin eru í félagsþjónustu og þjónustu við fatlað fólk, þá sem hafa hlotið refsidóma vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra

hegningarlaga nr. 19/1940 og 211. og 218. gr. alm. hgl, sbr. 2. mgr. 18. gr. laga nr. 40/1991 og 2. mgr. 26. gr. laga nr. 38/2018. Hafi umsækjandi verið dæmdur til refsingar fyrir brot á öðrum ákvæðum almennra hegningarlaga skal meta áhrif þess á hæfi viðkomandi til að gegna því starfi sem um ræðir, m.a. að teknu tilliti til eðlis starfsins og alvarleika brotsins. Sama gildir um verktaka og undirverktaka sem Norðurþing ræður til að sinna verkefnum samkvæmt lögum þessum.

11 Samráð og upplýsingagjöf

- 11.1.1 Norðurþing skuldbindur sig til að eiga virkt samráð við aðildarsveitarfélög samningsins um stefnumótun, áætlanagerð og mat á þjónustu. Er það fyrst og fremst gert með samskiptum félagsmálastjóra við sveitarstjóra og eftir atvikum fundum sveitarstjóra aðildarsveitarfélaga.
- 11.1.2 Samráð við kjörna fulltrúa sveitarfélaganna skal fara fram í tengslum við fundi nefnda/ráða sveitarfélagana.
- 11.1.3 Félagsmálastjóri kemur á fund félagsmálanefndar hvers sveitarfélags að beiðni viðkomandi sveitarfélags, sveitarstjóra eða staðgengil hans.
- 11.1.4 Sveitarstjórnir aðildarsveitarfélaganna kjósa hvert áheyrnarfulltrúa sem hefur seturétt með málfrelsi og tillögurétt á fundum fjölskylduráðs Norðurþings þegar málefni samstarfsverkefnisins eru þar til umræðu. Norðurþing skal senda sveitarfélögunum fundarboð fjölskylduráðs. Fulltrúar í sveitarstjórnnum aðildarsveitarfélaganna eiga sama rétt á aðgangi að gögnum og upplýsingum um verkefnið hjá Norðurþingi og þeir hefðu ella haft skv. 28. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, sbr. 96. gr. sveitarstjórnarlaga.

12 Meðferð ágreinings

- 12.1.1 Rísi ágreiningur um túlkun og framkvæmd á samningi þessum, sem ekki tekst að leysa meðal sveitarstjóra, skal fara með málið fyrir héraðsdóm viðkomandi svæðis sem leysir úr ágreiningi um samning.

13 Gildistími og endurskoðun

- 13.1.1 Samningur þessi tekur gildi við undirritun og færast verkefnið frá þeim tíma til Norðurþings. Gagnkvæmur uppsagnarfrestur samningsins í heild sinni eru 12 mánuðir frá áramótum að telja. Tilkynning um uppsögn skal berast Norðurþingi eigi síðar en 1. október og tekur uppsögnin þar gildi þar næstu áramót.
- 13.1.2 Að fengnu samþykki allra sveitarstjórna er hægt að endurgera samninginn þar sem m.a. einhverjum hluta þjónustunnar verði komið fyrir með öðrum hætti, standist það þær kröfur sem gerðar eru til viðkomandi þjónustuþáttar og að fenginni staðfestingu viðkomandi ráðuneyta.
- 13.1.3 Breytist forsendur samningsins geta samningsaðilar farið fram á endurskoðun hans. Breyttar forsendur teljast m.a.:
- 13.1.4 Verulegar breytingar á ákvæðum laga sem samningurinn fellur undir.
- 13.1.5 Sameining sveitarfélaga eða breytingar á mörkum þjónustusvæðis.
- 13.1.6 Umtalsverð röskun á högum aðildarsveitarfélags sem gerir því ókleift að efna ákvæði samningsins.

Við undirritun samnings þessa fellur fyrri samningur sömu aðila, dags. 18. janúar 2011, úr gildi.

Við undirritun samnings þessa falla fyrra samkomulög sömu aðila um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna úr gildi.

Samningur þessi er undirritaður með fyrirvara um samþykki allra sveitarstjórna og staðfestingu innviðaráðuneytis, sbr. 93. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, og félags- og vinnumarkaðsráðuneytis, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2018.